

Efni fundar: 22. fundur kennararáðs, sjá meðf. dagskrá

Kópavogi, 22. september 2022

Tilvísun: M22090085

Fundarmenn: Birgir Ásgeirsson, Guðjón Hreinn Hauksson (KÍ), Guðmundur Engilbertsson (HA), Helga Kristín Kolbeins (SMÍ), Ragnar F. Ólafsson (MMS), Sonja Dögg Pálsdóttir, Svandís Ingimundardóttir (SÍS) og Svala Kristín Hreinsdóttir (SÍS).

Fjarverandi: Ingimar Ólafsson Waage (LHÍ), Kristín Jónsdóttir (HÍ), Jónína Hauksdóttir (KÍ), Þorgerður Laufey Diðriksdóttir (KÍ)

Fundarritari: Birgir Ásgeirsson og Sonja Dögg Pálsdóttir

Dagskrá fundar:

1. Upphaf, dagskrá fundar og fundargerð 21. fundar
2. Fagráð náttúrufræði, ályktun til upplýsinga
3. Kynning laganna
4. Menntakvika
5. Önnur mál

Umræður og ákvarðanir:

1. Formaður bar upp dagskrá fundarins og fundargerð síðasta fundar. Engar athugasemdir voru gerðar við dagskrá né fundargerð 21. fundar og skoðast hún því samþykkt. Meðlimir kennararáðs kynntu sig hver fyrir öðrum í ljósi þess að einhverjar breytingar höfðu orðið á ráðinu undanfarnar vikur.
2. Formaður og varaformaður kynntu ályktun fagráðs um náttúrufræði varðandi faglega leiðtoga. Rætt var mikilvægi þess að kennarar hafi aðgang að kennsluráðgjöf og faglegum stuðningi, hvort tveggja náttúrufræðikennarar og aðrir. Rætt var um mikilvægi þess að auka samfellu milli skólastiga. Tekið var undir ályktun fagráðsins og stefnt að því að kennararáð beiti sér einnig fyrir völdum efnisþáttum þess á næstunni.
3. Varaformaður sagði frá því að nú stæðu yfir rafrænar kynningar á lögum um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skjólstjórna, reglugerð um hæfniramma og Leiðbeiningar á verklagi við ráðningar. Þegar hefur farið fram kynning fyrir stjórnendum í leik- og grunnskólum og er ráðgert að halda kynningar fyrir fræðslustjóra og sveitarstjóra þar sem ekki eru skólaskrifstofur, skólameistara framhaldsskóla og trúnaðarmenn í skólum, þvert á félög KÍ.
4. Dagskrá og áherslur Menntakviku 2022 voru kynntar af Ellen Dröfn Gunnarsdóttur, verkefnastjóra á Menntavísindastofnun Menntavísindasviðs HÍ.
5. Önnur mál.

- a. Varaformaður kynnti umsögn fagráðs um íslensku um 8. og 9. grein draga reglugerðar um almenna og sérhæfða hæfni kennara og skólastjórnenda.
- b. Von er á mennta- og barnamálaráðherra á októberfund kennararáðs.
- c. Rætt var um að ekki er greitt sérstaklega fyrir þátttöku í kennararáði en að jafnaði geti meðlimir ráðsins sinnt störfum sínum fyrir ráðið á vinnutíma fyrir þann atvinnurekanda sem meðlimurinn situr sem fulltrúi fyrir.

Næsti fundur:

27. október 2022

Undirskrift/ upphafsstafir fundarritara:

BÁ/SDP